

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2012/EES/58/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 204/11/COL frá 29. júní 2011 um meinta ríkisaðstoð við fyrirtæki sem tilheyra samsteypunni Norsk Film (Noregur)	1
2012/EES/58/02		Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins	11
2012/EES/58/03		Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um endurkröfuvexti sem reikna ber við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti í þremur EFTA-rikkjum; vextirnir gilda frá 1. júní 2012.	12
2012/EES/58/04		Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um viðmiðunarfjárhæðir sem um getur í tilskipun 2004/17 og tilskipun 2004/18, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð nr. 1251/2011, í gjaldmiðlum EFTA-rikkjanna	13
2012/EES/58/05		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 189/12/COL frá 22. maí 2012 um að veita framleiðslu og heildsölu rafmagns í Noregi undanþágu frá framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu	14
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2012/EES/58/06		Kæra DB Schenker á hendur Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram 9. júlí 2012 (Mál E-7/12)	19
2012/EES/58/07		Kæra DB Schenker á hendur Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram 15. júlí 2012 (Mál E-8/12)	21
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2012/EES/58/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6675 – GE/Accenture/Taleris) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	23
2012/EES/58/09		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6682 – Kinnevik/Billerud/Korsnäs)	24

2012/EES/58/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6686 – Terex/ GAZ/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	25
2012/EES/58/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6694 – Helvetia/ Certain Parts of Gan Eurocourtagé’s Transport and Marine Insurance Portfolio)	26
2012/EES/58/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6705 – Procter & Gamble/Teva Pharmaceuticals OTC II)	27
2012/EES/58/13	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6718 – Toyota Tsusho Corporation/CFAO) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	28
2012/EES/58/14	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6721 – First Reserve Management/SK Capital Partners/TPC) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	29
2012/EES/58/15	Upphaf málsmeðferðar (Mál COMP/M.6663 – Ryanair/Aer Lingus III)	30
2012/EES/58/16	Auglýst eftir tillögum – EACEA/21/12 – MEDIA 2007 – Styrkir til að dreifa evrópskum kvikmyndum milli landa – „Valvíst kerfi“ 2013	31
2012/EES/58/17	Auglýst eftir tillögum – EACEA/31/12 – MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf – Styrkir til framleiðsluverkefna – Teikni- og brúðumyndir, listrænar heimildamyndir og leiknar myndir – Stök verkefni, verkefnaraðir og verkefnaraðir annar áfangi.	33
2012/EES/58/18	Auglýst eftir tillögum – EACEA/32/12 – MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf – Stuðningur við framleiðslu gagnvirkis efnis á nettengdum og ónettengdum miðlum	34
2012/EES/58/19	Auglýst eftir tillögum – EACEA/33/12 – MEDIA 2007 – Þróun, dreifing, kynning og fræðslustarf – Stuðningur við útsendingar á evrópskum hljóð- og myndverkum í sjónvarpi.	35
2012/EES/58/20	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/22/EB um mælitæki	37

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2012/EES/58/01

204/11/COL

frá 29. júní 2011

um meinta ríkisaðstoð við fyrirtæki sem tilheyra samsteypunni Norsk Film

(Noregur)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum ákvæða 61. og 62. gr.,

með vísan til samnings milli EFTA-rikkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningur um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“), einkum ákvæða 24. gr.,

með vísan til bókunar 3 við samning um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („bókun 3“), einkum 2. mgr. 1. gr. I. hluta og 4. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 7. gr. II. hluta,

eftir að hafa beint því til hagsmunaaðila að þeir legðu fram athugasemdir í samræmi við 1. mgr. 6. gr. II. hluta bókunar 3 ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1. Málsmeðferð

Nokkur norsk kvikmyndaframleiðslufyrirtæki kvörtuðu yfir því, með bréfi dagsettu 23. mars 2006 (skjal nr. 368163), ⁽²⁾ að stjórnvöld í Noregi hefðu veitt Norsk Filmstudio AS/Filmparken AS árlega styrki fyrir árin 2000 til 2005.

Í kjölfar nokkurra bréfaskrifta samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA ákvörðun 491/09/COL um að hefja formlega rannsókn, sem var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau. ⁽³⁾ Eftirlitsstofnun EFTA leitaði eftir athugasemdum hagsmunaaðila. Engar umsagnir þriðju aðila bárust Eftirlitsstofnun EFTA.

Stjórnvöld í Noregi lögðu fram athugasemdir í bréfi sem var dagsett 2. febrúar 2010 (skjal nr. 545244).

2. Samsteypan Norsk Film

Norsk Film AS var stofnað árið 1932 af samtökum kvikmyndahúsa í eigu sveitarfélaga. Kvikmyndaver félagsins var opnað 1935. Norsk stjórnvöld ákváðu í fjárlögum ríkisins fyrir 1947 að leggja meira af mörkum til framleiðslu kvikmynda. Norsk Film AS glímdi við fjárhagslega örðugleika á 6. og 7. áratug 20. aldar sem urðu til þess að stjórnvöld veittu félaginu styrki til að

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 174, 1.7.2010, og EES-viðbætur nr. 34, 1.7.2010.

⁽²⁾ The Chimney Pot Oslo AS, Dagslys AS, Egg & Bacon AS, Grip Teknikk AS, Bob Aas Carho ENK, Kamerautleien AS, Lydhodene AS, Megaphon AS og Krypton Film AS.

⁽³⁾ Sjá I. nmgr.

tryggja áframhaldandi rekstur þess. Eftir að félagið var lýst gjaldþrota seint á 7. áratug 20. aldar ákváðu stjórnvöld að taka fulla ábyrgð á framtíð þess. Ríkið átti 77,6% hlutafjár í félaginu frá 1974. Tvenns konar tilgangur var með rekstri Norsk Film AS: að sjá framleiðendum leikinna norskra kvikmynda fyrir nauðsynlegri aðstöðu og að framleiða norskar kvikmyndir.

Norsk Film AS og dagblaðið VG (Verdens Gang) stofnuðu ScanCam AS árið 1986 á grunni þáverandi kvikmyndavélaeildar Norsk Film AS. Síðar áttu Norsk Film AS og Schibsted ASA 50% hlutafjár í ScanCam AS, hvort félag um sig. Schibsted ASA seldi Norsk Film AS hlut sinn 31. desember 1998 og ScanCam AS hélt áfram starfsemi sem dótturfélag í 100% eigu Norsk Filmstudio AS frá og með árinu 1999.

Norsk Filmstudio AS, sem var stofnað 1998, var dótturfélag í einkaeigu Norsk Film AS. Kvikmyndaverið og tækniaðstaðan voru óaðskiljanlegur hluti Norsk Film AS til ársins 1989. Norsk Filmstudio AS var stofnað til að skilja skýrt og greinilega á milli hlutverks félagsins sem framleiðanda og þess hlutverks að viðhalda grunnvirkjum fyrir kvikmyndagerð (kvikmyndaveri og tækniáðstöðu).

Norsk stjórnvöld gerðu breytingar á stefnu sinni í kvikmyndamálum árið 2001 og skýrari greinarmunur var gerður á því sem var á höndum ríkisins annars vegar og einkaaðila hins vegar. Framleiðslufyrirtæki í einkaeigu skyldu sinna framleiðslu kvikmynda. Því var lagt til að hlutir í Norsk Film AS yrðu seldir. Ríkið myndi áfram reka kvikmyndaver þar eð sá þáttur framleiðsluferlisins var ekki talinn sjálfbær við markaðsaðstæður. Norsk Film AS var skipt í tvö félög árið 2001: kvikmyndaframleiðslufélag sem var kallað Norsk Film AS og félag sem hélt utan um grunnvirkin, kallað Filmparken AS. Aðrar eignir félagsins urðu eftir í Filmparken AS. Norsk Filmstudio AS starfaði áfram sem dótturfélag í einkaeigu Filmparken AS. Norsk Filmstudio AS og Filmparken AS runnu saman 25. júní 2001. Ríkið seldi Diopter AS, framleiðslufyrirtæki í einkaeigu, hlut sinn í framleiðslufyrirtækinu Norsk Film AS, 4. janúar 2002.

Filmparken AS var á ný endurskirt Norsk Filmstudio AS árið 2002.

ScanCam AS rann saman við Norsk Filmstudio AS á árinu 2004.

Á árinu 2009 runnu Norsk Filmstudio AS og Chimney Pot AS saman og urðu að Storyline Studios AS. Eftir samrunann átti Filmparken AS 60% félagsins en 40% voru í eigu hluthafa félagsins sem áður hét Chimney Pot AS.

Storyline Studios AS veitir kvikmyndaframleiðendum aðgang að alhliða tækjabúnaði og þjónustu, kvikmyndaverum, ljósa- og tæknibúnaði fyrir kvikmyndaökvélur, kvikmyndavélum, eftirframleiðslu, búningum, fjármögnun, skrifstofuaðstöðu, tæknistjórn og kvikmyndaskrá.

3. Lýsing á ráðstöfununum sem eru til rannsóknar

Eftirlitsstofnun EFTA tók tvær mismunandi ráðstafanir til rannsóknar: greiðslu styrks að fjárhæð 36 milljónir norskra króna (sjá undirkafla 3.1) og ívilnandi skattalega meðferð sumra fyrirtækjanna sem tilheyra samsteypunni Norsk Film (sjá undirkafla 3.2).

3.1 Greiðsla styrks að fjárhæð 36 milljónir norskra króna

Ýmsum fyrirtækjum innan samsteypunnar Norsk Film voru veittir árlegir styrkir frá því á áttunda áratug 20. aldar til ársins 2006. Í fjárlögum fyrir 1971–1972 er vísað til „yfirstandandi aðstoðarkerfis“. Styrkirnir voru veittir á vegum menningar- og kirkjumálaráðuneytisins.

Eftirlitsstofnun EFTA tók þá afstöðu í ákvörðun 491/09/COL að árlegar greiðslur norska ríkisins frá því á áttunda áratug tuttugustu aldar til ýmissa fyrirtækja sem tilheyra samsteypunni Norsk Film vegna framleiðslu leikinna kvikmynda og til að halda í nauðsynleg grunnvirki vegna framleiðslu kvikmynda hafi verið inntar af hendi á grundvelli yfirstandandi aðstoðarkerfis.

Stjórnvöld í Noregi hafa bent á að á árinu 1997 hafi norska Stórþingið ákveðið að veita Norsk Film AS 36 milljónir norskra króna til að endurbæta, endurnýja og byggja upp framleiðsluadstöðu sem kölluð er „Filmparken“. Styrkurinn var veittur af þeim hluta fjárlaga ríkisins sem snýr að styrkjum til menningarmannvirkja þjóðarinnar. Greiðslunni var dreift á tvö ár og voru 10 milljónir norskra króna greiddar árið 1998 og 26 milljónir norskra króna árið 1999. Styrkurinn stóð að hluta straum af endurnýjun og endurbótum á kvikmyndaverinu og að hluta til að byggja upp nýja aðstöðu fyrir skrifstofuhald.

Eftirlitsstofnun EFTA leit svo á í ákvörðun 491/09/COL að þar eð greiðsla 36 milljóna norskra króna styrks hefði byggst á annarri fjárveitingu og að tiltekin fjárhæð hefði verið ætluð fyrir ákveðið verkefni (endurnýjun aðstöðunnar í Jar), væri unnt að líta á hana sem nýja aðstoð. Að áliti Eftirlitsstofnunar EFTA var óljóst hvort þetta framlag væri hluti af yfirstandandi aðstoðarkerfi eða fæli í sér nýja aðstoð.

3.2 *Ívilnandi skattaleg meðferð*

Norsk Film AS og Norsk FilmStudio AS nutu skattundanhágu frá og með árinu 1995. Undanhágan byggðist á ákvæðum staflíðar k) í 1. mgr. 26. gr. skattalaga nr. 8 frá 18. ágúst 1911 en í stað þeirra komu skattalög nr. 14 frá 26. mars 1999. ⁽⁴⁾

Samkvæmt ákvæðum 32. gr. 2. kafla norsku skattalaganna, þar sem settar eru reglur um þessar ívilnandi skattareglur, eru samtök sem eru ekki rekin í ágóðaskyni, stofnanir og félög undanþegin tekjuskatti fyrirtækja að því marki sem þau eru ekki rekin í hagnaðarskyni.

Hvort stofnun eða félag teljist vera rekið án þess að hafa hagnað að leiðarljósi samkvæmt 32. gr. 2. kafla ákvarðast á grundvelli hlutlægra viðmiðana þar sem tilgangurinn með félaginu ræður úrslitum. Ef tilgangurinn er góðgerðarstarfsemi bendir það til að um sé að ræða aðila sem er ekki rekinn í hagnaðarskyni. Þegar skattyfirvöld ákvarða tilgang félags taka þau t.d. tillit til samþykka þess, m.a. yfirlýsts tilgangs og raunverulegrar starfsemi. Einnig er tekið mið af því hvort aðilinn stundi starfsemi sem á í samkeppni. Ef fyrirtæki stundar efnahagslega eða viðskiptalega starfsemi og keppir við skattskyld félög með hagnaðarvon, bendir það til að það sé skattskýlt. Annar þáttur sem tillit er tekið til er eðli fjármögnunar fyrirtækisins. Ef félagið er fjármagnað með gjöfum frá einkaaðilum eða öðrum framlögum, bendir það til að tilgangurinn með félaginu miði ekki að hagnaði.

Samtök sem litið er á að séu ekki rekin í hagnaðarskyni eru undanþegin tekjuskatti fyrirtækja þar sem tilangur þeirra miðar ekki að því að skila hagnaði. Tekjur af viðskiptastarfsemi eru – við ákveðin skilyrði – tekjuskattskyldar. ⁽⁵⁾

Skattyfirvöld ákvarða við árlega álagningu hvort 32. gr. 2. kafla gildi um félag eða samtök. Skattyfirvöld á hverjum stað ákvarða hvaða skattareglur gilda á grundvelli upplýsinga í skattframtölum og annarra upplýsinga sem þau hafa aðgang að.

Fyrirtækjunum Norsk Film AS, Norsk Filmstudio AS og ScanCam AS var veitt undanhága frá skatti á þeim forsendum að tilgangur fyrirtækjanna væri ekki að skila hagnaði. Fram til ársins 1995 sóttust Norsk Film AS og Norsk Filmstudio AS ekki eftir því að njóta þessara sérreglna. Þau nutu slíkra sérreglna frá 1995 til 2001, eftir að þau sóttust eftir því.

Norsk Film AS var skipt í tvö félög árið 2001: kvikmyndaframleiðslufélag sem var kallað Norsk Film AS og félag sem hélt utan um grunnvirkin, kallað Filmparken AS. Frá og með árinu 2002 voru félögin ekki lengur fjármögnuð með styrkjum frá hinu opinbera og þau stunduðu venjubundna viðskiptastarfsemi. Því var litið á þau sem eðlileg félög sem eru rekin í hagnaðarskyni og þar af leiðandi leggst á þau almennur tekjuskattur fyrirtækja.

⁽⁴⁾ Kerfi þetta veitir svokölluðum „fyrirmyndarfyrirtækjum“ undanhágu frá tekjuskatti fyrirtækja.

⁽⁵⁾ Ákvæði 2. mgr. 32. gr. 2. kafla norskra skattalaga kveða á um að greiddur sé tekjuskattur fyrirtækja sé árleg velta af viðskiptastarfsemi meiri en 70 000 norskar krónur eða 140 000 norskar krónur, eftir því sem við á.

Norsk Film AS og Schibsted ASA áttu, hvort félag um sig, 50% hlutfjár í ScanCam AS fram til ársins 1998. ScanCam AS var því ekki talið samþættur hluti viðskipta Norsk Film AS. Frá desember 1998 var ScanCam AS fyrst í einkaeigu Norsk Film AS en síðan í einkaeigu Norsk Filmstudio AS (dótturfélags í einkaeigu Norsk Film AS) frá árinu 1999. Eftir þessa breytingu litu skattýfirvöld svo á að ScanCam AS væri samþættur hluti starfsemi Norsk Film AS og gæti því notið sömu skattareglu fyrir árin 1998 til 2000. ScanCam AS skilaði hagnaði á árunum 1998, 1999, 2000 og 2001. ⁽⁶⁾

Skattýfirvöld litu svo á í mati sínu að félögin gætu haft ávinning af stöðu samtaka sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni á grundvelli eftirfarandi þátta: samþykktu Norsk Film AS sem kváðu á um að tilgangur þess væri ekki að skila hagnaði, þess að 97,7% hlutfjár hefðu verið í eigu ríkisins og sveitarfélaga og að félagið hefði að mestu verið fjármagnað með styrkjum.

Skattýfirvöld bentu enn fremur á að skattundanhágan hefði verið veitt með þeim fyrirvara að hugsanlegur hagnaður skyldi að fullu vera notaður til að ná fram tilgangi félagsins innan ramma þess að vera fyrirtæki sem er ekki rekið í hagnaðarskyni. Litið var svo á að dótturfélagið Norsk Filmstudio AS væri samþættur hluti af starfsemi Norsk Film AS og nyti sömu skattundanhágu. Stjórnvöld í Noregi hafa bent á að Norsk Film AS skilaði ekki hagnaði á árunum 1995 til 2001 og þar af leiðandi hefðu hinar ívilnandi skattareglur ekki haft nein áhrif.

Félögin lúta nú öll reglum um hefðbundinn tekjuskatt fyrirtækja.

Eftirlitsstofnun EFTA áleit í ákvörðun 491/09/COL að vafi léki á því hvort beiting undanhágu frá tekjuskatti fyrirtækja, sem byggir á þeirri hugsun að samtök sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni séu undanhægin skattinum, gæti réttlætt skattundanhágu í tilviki félaganna sem tilheyra samsteypunni Norsk Film.

Aðstoð í formi undanhágu frá tekjuskatti fyrirtækja er rekstraraðstoð. Slík aðstoð er aðeins heimil undir sérstökum kringumstæðum og einkum við aðstæður þar sem viðmiðunum sem er að finna í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA sé fullnægt (t.d. að því er varðar sérstakar tegundir aðstoðar á sviði umhverfisverndar eða byggðaaðstoðar). Eftirlitsstofnun EFTA taldi því vafa leika á að þessar sérstöku skattareglur, eins og þeim var beitt gagnvart sumum fyrirtækjanna sem tilheyra samsteypunni Norsk Film, gætu talist réttlætanager með vísan til ákvæða EES-samningsins um ríkisaðstoð.

4. Athugasemdir stjórnvalda í Noregi

4.1 Greiðsla styrks að fjárhæð 36 milljónir norskra króna

4.1.1 Greiðsla styrksins telst ekki ríkisaðstoð

Stjórnvöld í Noregi halda fram að greiðslan að fjárhæð 36 milljónir norskra króna teljist ekki ríkisaðstoð.

Stjórnvöld í Noregi, sem horfa til áhrifa greiðslunnar, halda því fram að viðtakandi hafi ekki notið neins efnahagslegs ávinnings af styrknum sem er til skoðunar.

Stjórnvöld í Noregi telja að ekkert félaganna hafi notið efnahagslegs ávinnings af styrknum sem var veittur til að endurbæta og endurnýja Filmparken. Norsk Filmstudio AS sá um að leigja aðstöðuna til allra kvikmyndaframleiðslufyrirtækja í Noregi. Innan samsteypunnar Norsk Film var skýr lagalegur aðskilnaður milli framleiðslu kvikmynda annars vegar og leigu á framleiðsluástöðu hins vegar. Aðgangur að framleiðsluástöðunni var opin öllum norskum kvikmyndaframleiðendum (þ.m.t. Norsk Film AS) og veittur þeim á jafnræðisgrundvelli. Útleigan skilaði ekki hagnaði heldur tapaði Norsk Filmstudio AS á henni.

⁽⁶⁾ Sjá bréf frá stjórnvöldum í Noregi dagsett 11. ágúst 2006 (skjal nr. 383774).

Stjórnvöld í Noregi halda fram að ekki sé unnt að segja að ráðstöfunin hafi veitt samsteypunni Norsk Film efnahagslegan ávinning þar eð styrkurinn hafði augljóslega ekki þau áhrif. Ráðstöfuninni var fremur ætlað, og þau voru áhrif hennar, að veita norskum kvikmyndaframleiðendum aðgang að framleiðsluáðstöðu. Þau leggja áherslu á að það hafi aðeins verið vegna markaðsbrests að Norsk Filmstudio AS hafi verið eini aðilinn sem leigði út aðstöðu þar sem unnt væri að framleiða kvikmyndir af ákveðinni lengd og gæðum. Félagið hefði gert það öllum framleiðendum til hagsbóta og ekki haft af því neinn efnahagslegan ávinning.

4.1.2 Ráðstöfunin væri, hvað sem öðru liði, yfirstandandi aðstoð

Stjórnvöld í Noregi halda fram að jafnvel þótt styrkurinn að fjárhæð 36 milljónir norskra króna jafngilti ríkisaðstoð væri það, hvað sem öðru liði, yfirstandandi aðstoð.

Raunar telja stjórnvöld í Noregi að greiðsla styrks að fjárhæð 36 milljónir norskra króna hafi verið hluti af yfirstandandi aðstoðarkerfi í formi greiðslu árlegra styrkja.

Stjórnvöld í Noregi fullyrða að þótt styrkurinn hafi verið greiddur af annarri fjárveitingu en þeirri sem árlegir styrkir eru greiddir af, sé það ekki næg vísbending um að styrkurinn sjálfur sé aðgreinanleg og ný aðstoð. Þau greina frá því að það hafi verið „hrein tilviljun og tæknilegs eðlis“ að styrkurinn 1998 til 1999 hafi verið greiddur af öðrum fjárlagalið „og að allt eins hefði verið unnt að ráðstafa greiðslunni að fjárhæð 36 milljónir norskra króna af þeim lið fjárlaga sem lýtur að fjármögnun kvikmynda og dreifa henni á tíu ára tímabil og hún hefði þannig „fallið inn í“ árlegar greiðslur til Norsk Film AS sem fela í sér aðstoð vegna bæði rekstrar og fjárfestingar. *Að styrkurinn 1998 til 1999 hafi verið greiddur af öðrum fjárlagalið er til komið vegna nýrrar aðferðar við að skipuleggja þann kafla fjárlaga [ríkisins] sem lýtur að smíði þjóðarmannvirkja“.* Stjórnvöld í Noregi halda en fremur fram að það sem skipti máli sé að greiðslan hafi verið hluti af kerfisbundinni og órofinni röð greiðslna til sama viðtakanda og að eðli aðstoðarinnar sé óbreytt. Sagt er að kerfið hafi alltaf falið í sér fjárfestingarhluta og rekstrarhluta.

Unnið hafði verið að endurbótum og endurnýjun um nokkra hrið og kostnaðurinn við verkið hafði, fram til 1998 til 1999, verið metinn á 13 milljónir norskra króna. Í fjárhæð þessari eru meðtalin framlög frá norska ríkinu í gegnum yfirstandandi aðstoðarkerfi sem hafði verið við lýði frá því á áttunda áratug tuttugustu aldar. Á árinu 1997 varð hins vegar ljóst að 13 milljónir norskra króna myndu ekki duga til að ljúka verkinu og því var ákveðið að úthluta 36 milljónum norskra króna til viðbótar til að ljúka endurbótunum.

Stjórnvöld í Noregi afhentu Eftirlitsstofnun EFTA gögn sem styðja að áður fyrr hafi fjárhæðum einnig verið úthlutað og þær eyrnamerkar nauðsynlegum endurbótum og endurnýjun á grunnvirkjum til að halda í horfinu að því er varðar skilyrði til kvikmyndagerðar.

Stjórnvöld í Noregi halda því loks fram að þó að fjárhæð styrksins hafi verið miklu hærri en árlegu greiðslurnar höfðu verið fram til þess tíma væri það ekki til merkis um að um nýja aðstoð væri að ræða. Þau vísa til dóms dómstóls Evrópubandalaganna í máli *Namur-Les-Assurances* ⁽⁷⁾ þar sem segir: „[P]egar stofnað er til nýrrar aðstoðar eða breytingar gerðar á gildandi ákvæðum um aðstoð getur mat á þeirri aðstoð ekki byggst á umfangi hennar né, einkum og sér í lagi, fjárhæðum sem greiddar hafa verið fyrirtæki einhvern tíma á rekstartíma þess hafi aðstoðin verið veitt samkvæmt eldri ákvæðum sem standa óbreytt“.

4.1.3 Ný aðstoð myndi, hvað sem öðru liði, samrýmast EES-samningnum

Stjórnvöld í Noregi halda fram, að færi svo að Eftirlitsstofnun EFTA kæmist að þeirri niðurstöðu að aðstoðin jafngilti nýrri aðstoð, samrýmist hún framkvæmd EES-samningsins. Þau telja raunar að ráðstöfunin myndi samrýmast staflíð c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins þar eð tilgangurinn með styrknum sé varðveisla menningarverðmæta og að ráðstöfunin sé nauðsynleg og hæfilega mikil til að ná fram slíku markmiði.

⁽⁷⁾ Mál C-44/93 *Namur-Les Assurances du Crédit SA gegn Office National du Ducroire og belgiska ríkinu* [1994] ECR I-3829, 28. mgr.

Stjórnvöld í Noregi taka fram að framleiðsla kvikmynda sé mikilvægt menningarlegt tjáningarform og hluti af menningararfi þjóðarinnar. Engin kvikmyndaframleiðsla myndi eiga sér stað ef viðunandi aðstaða væri ekki fyrir hendi. Styrkurinn væri enn fremur nauðsynleg íhlutun vegna markaðsbrests. Stjórnvöld í Noregi leggja einnig áherslu á að Eftirlitsstofnun EFTA hafi fallist á stuðningsráðstafanir fyrir hljóð- og myndverkavinnslu, sem engin áhrif hefðu ef fyrir hendi væru ekki nauðsynleg grunnvirki vegna framleiðslu hljóð- og myndverka.

4.2 Ívilnandi skattaleg meðferð

4.2.1 Beiting ívilnandi skattalegrar meðferðar telst ekki ríkisaðstoð

Stjórnvöld í Noregi leggja, í fyrsta lagi, áherslu á að Eftirlitsstofnun EFTA hafi ekki, í ákvörðun 491/09/COL, haft uppi neinar efasemdir um núverandi skattkerfi sem undanþiggur fyrirtæki, sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni, frá því að greiða tekjuskatt fyrirtækja, heldur rannsakað beitingu slíks kerfis gagnvart tilteknum félögum innan samsteyppunnar Norsk Film. Það sé því núverandi beiting eða misbeiting skattkerfisins gagnvart tilteknum félögum sem sé til skoðunar.

Stjórnvöld í Noregi halda því fram, í öðru lagi, að þau hafi sjálf ekki hugað að því hvort 32. gr. 2. kafla skattalaganna hafi verið beitt á réttan hátt gagnvart félögum innan samsteyppunnar Norsk Film þar eð þau leggi ekki á skatta.

Þau hafi hins vegar bent á að „hugsanleg misbeiting skattfyrvalda á almennu ákvæði skattalaga til ávinnings fyrir skattgreiðanda teljist ekki ríkisaðstoð. (...) Sé um misbeitingu á innlendu ákvæði skattalaga að ræða, væri það í verkahring skattfyrvalda eða dómstóla að leiðrétta slíkt í samræmi við viðeigandi landslög. (...) Upp myndi koma erfið staða ef öll misbeiting á ákvæðum innlendra skattalaga sem hefði í för með sér órökstuddan ávinning fyrir tiltekinn skattgreiðanda yrði talin ríkisaðstoð“.

Stjórnvöld í Noregi leggja áherslu á að þar eð afleiðingar skattlagningar geti verið mismunandi, nema um sé að ræða viðvarandi misbeitingu, ætti að leiðrétta það samkvæmt landslögum en ekki taka til skoðunar samkvæmt ríkisaðstoðarreglum EES.

4.2.2 Beiting ívilnandi skattalegrar meðferðar var, hvað sem öðru líður, byggð á yfirstandandi aðstoð

Stjórnvöld í Noregi halda enn fremur fram að beiting ákvæða skattalaga sem eru frá því fyrir gildistöku EES-samningsins geti ekki, hvað sem öðru líður, talist ný aðstoð, heldur sé aðeins verið að starfa samkvæmt yfirstandandi aðstoðarkerfi.

Þau telji að „venjubundin beiting almennrar reglu og mat á því hvort hún gildir í tilteknu tilviki, eður ei, get[i], hvað sem öðru líður, ekki talist ný aðstoð og því [sé] ekki nauðsynlegt að tilkynna hana til Eftirlitsstofnunar EFTA. „Ef beiting yfirstandandi aðstoðarkerfis í einstökum tilvikum teldist ný aðstoð, myndi það rýmka umfang þess sem talist gæti ný aðstoð á ósanngjarnan hátt og myndi draga úr umfangi aðstoðar sem samrýmist EES-samningnum að því er varðar yfirstandandi aðstoð í skilningi ríkisaðstoðarreglna.“

II. MAT

1. Er um ríkisaðstoð að ræða?

Ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóða svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

1.1 *Er gengið á ríkisfjármuni?*

Ráðstöfunin verður að vera aðstoð sem ríkið veitir eða veitt er af ríkisfjármunum.

1.1.1 *Greiðsla styrks að fjárhæð 36 milljónir norskra króna*

Styrkurinn að fjárhæð 36 milljónir norskra króna var greiddur af þeim hluta fjárlaga ríkisins sem lýtur að styrkjum til menningarmannvirkja þjóðarinnar.

Eftirlitsstofnun EFTA telur því að skilyrði um að gengið hafi verið á ríkisfjármuni sé fullnægt.

1.1.2 *Ívilnandi skattareglur*

Norsk Film AS og dótturfélagi þess, Norsk Filmstudio AS, var veitt skattundanhága fyrir árin 1995 til 2001. Í bréfi dagsettu 18. mars 1996 veitti skattstofan í Bærum skattundanhágu fyrir fjárhagsárið 1995 með þeim fyrirvara að hugsanlegur hagnaður skyldi að fullu vera notaður til að ná fram tilgangi félagsins innan ramma þess að vera fyrirtæki sem er ekki rekið í hagnaðarskygni.

ScanCam (dótturfélagi sem leigir út kvikmyndatökuvélar) var veitt skattundanhága af sömu ástæðu frá 1998 til 2001.

Ríkið varð því af skatttekjum, sem það hefði innheimt að öðrum kosti, vegna hinna ívilnandi skattareglna. Það fé var þannig ekki til ráðstöfunar og samsvarar því að ríkisfjármunir hafi verið nýttir til að standa straum af útgjöldum sem að jafnaði væru greidd af rekstrarreikningi viðkomandi fyrirtækja. ⁽⁸⁾

Það hefur engin áhrif á þá niðurstöðu að gengið hafi verið á ríkisfjármuni þótt álagningin hafi verið í höndum skattyfirvalda. ⁽⁹⁾

1.2 *Er ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara ívilnað?*

1.2.1 *Greiðsla styrks að fjárhæð 36 milljónir norskra króna*

Í fyrsta lagi verður aðstoðarráðstöfunin að færa Norsk Filmstudio AS/Filmparken AS ávinning sem leysti félögin undan greiðslum sem þau þyrftu ella að inna af hendi af rekstrarfé sínu. Styrkurinn að fjárhæð 36 milljónir norskra króna veitti aðstoðarþegum fjárhagslegan ávinning sem þeir hefðu ekki notið við venjulegar rekstraraðstæður. Þannig styrktist fjárhagsstaða Norsk Filmstudio AS/Filmparken AS í samanburði við önnur fyrirtæki sem framleiða kvikmyndir innan EES.

Í öðru lagi verður aðstoðarráðstöfunin að vera sértæk í þeim skilningi að hún ívilni „ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara“.

Eftirlitsstofnun EFTA telur að greiðsla 36 milljóna norskra króna vegna endurbóta á kvikmyndaverinu hafi verið sértæk þar eð aðstoðarþeginn hafi verið tilgreindur sérstaklega.

1.2.2 *Ívilnandi skattareglur*

Nokkur fyrirtækja samsteypunnar Norsk Film voru undanþegin greiðslu venjubundins tekjuskatts fyrirtækja og því leyst undan greiðslum sem þau hefðu ella þurft að inna af hendi af rekstrarfé sínu. Þau hefðu ekki notið þessa ávinnings við venjulegar rekstraraðstæður.

Eftirlitsstofnun EFTA viðurkennir þó að Evrópudómstóllinn og EFTA-dómstóllinn hafi með samræmdum hætti úrskurðað að ráðstafanir sem veita tilteknum aðstoðarþegum ávinning séu ekki sértækar ef unnt er að rökstyðja þær með eðli og almennu fyrirkomulagi skattkerfisins sem þær eru hluti af.

⁽⁸⁾ Mál C-156/98 *Þýskaland gegn framkvæmdastjórn* [2000] ECR I-6857, 26. mgr.

⁽⁹⁾ Mál C 248/84 *Þýskaland gegn framkvæmdastjórn* [1987] ECR I-4013, 17. mgr.

Enn fremur er sérstaklega kveðið á um það í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart ráðstöfunum varðandi beina skattlagningu fyrirtækja að vissulega sé ekki hægt að skattleggja hagnað ef hann er ekki fyrir hendi. „Því er hægt að réttlæta það með eðli skattkerfisins að fyrirtæki sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, svo sem sjóðir eða samtök, séu sérstaklega undanþeginn skatti á hagnað ef þau skila ekki hagnaði í reynd.“

Eftirlitsstofnun EFTA vefngi ekki í ákvörðun 491/09/COL að unnt væri að réttlæta ívilnandi skattareglur með eðli og röklegu samhengi kerfisins. Hún hafði efasemdir varðandi beitingu reglnanna gagnvart umræddum fyrirtækjum. Fyrirtækjum þessum var veitt undanþága frá tekjuskatti fyrirtækja við beitingu ákvæða staflíðar k) í 1. gr. 26. kafla skattalaga nr. 8 frá 18. ágúst 1911 en í stað þeirra komu skattalög nr. 14 frá 26. mars 1999. Við beitingu veita þessar reglur fyrirtækjum sem fullnægja tilteknum skilyrðum, einkum í tengslum við það að félagið miðar ekki að hagnaði, undanþágu frá tekjuskatti fyrirtækja.

Samkvæmt upplýsingum frá stjórnvöldum í Noregi var Norsk Film AS, Norsk Filmstudio AS og ScanCam AS var veitt undanþága frá skatti á þeim forsendum að tilgangur fyrirtækjanna væri ekki að skila hagnaði. Eftirlitsstofnun EFTA getur í mati sínu ekki komið í stað norskra skattyfirvalda. Eftirlitsstofnun EFTA telur ekki, á grundvelli þeirri upplýsinga sem henni hafa verið afhentar, að hún hafi nægar vísbendingar um að hinum ívilnandi skattareglum hafi verið misbeitt gagnvart fyrirtækjunum þremur og að þess vegna sé unnt að segja að ráðstöfunin hafi verið sértæk.

Eftirlitsstofnun EFTA getur af þeirri ástæðu ekki komist að þeirri niðurstöðu, að beiting ívilnandi skattalegrar meðferðar gagnvart Norsk Filmstudio AS/Filmparken AS/ScanCam AS á grundvelli viðmiðana sem komu fyrst fram í skattalögunum frá 1911, feli í sér ríkisaðstoð af neinu tagi.

1.3 Samkeppnisröskun og áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum

Lítið er svo á að ríkisaðstoð við tiltekin fyrirtæki sé röskun á samkeppni og hafi áhrif á viðskipti milli samningsaðila ef viðtakandi stundar atvinnustarfsemi sem felst í viðskiptum milli samningsaðila. Unnt er að framleiða kvikmyndir til sýninga í kvikmyndahúsum á öðrum stöðum innan EES. Síðan ganga þær kaupum og sölum milli aðildarríkja EES-samningsins. Styrkur til fyrirtækis sem framleiðir leiknar kvikmyndir og veitir þjónustu í tengslum við kvikmyndaver getur þess vegna breytt samkeppni milli staða um tölur á kvikmyndum. Því má líta svo á að ráðstöfunin sem er til rannsóknar raski samkeppni og hafi áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

1.4 Niðurstaða

Á grundvelli þeirra þátta sem skoðaðir voru hér að framan kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að greiðsla 36 milljóna norskra króna hafi verið ríkisaðstoð og að ekki hafi falist ríkisaðstoð í því að veita Norsk Filmstudio AS/Filmparken AS/ScanCam AS ívilnandi skattalega meðferð.

Eftirlitsstofnun EFTA mun því aðeins gera greiningu á greiðslu styrks að fjárhæð 36 milljónir norskra króna í því sem hér fer á eftir.

2. Málsmeðferð

Mælt er fyrir um málsmeðferð að því er varðar nýja aðstoð í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókonar 3. Ef Eftirlitsstofnun EFTA telur vafa leika á um hvort slíkt aðstoðarráðstöfun samrýmist EES-samningnum, mun hún hefja formlega rannsókn sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókonar 3 og 4. mgr. 4. gr. II. hluta bókonar 3.

Mælt er fyrir um sérstaka málsmeðferð að því er varðar yfirstandandi aðstoð í 1. mgr. 1. gr. I. hluta bókonar 3. Samkvæmt því ákvæði ber Eftirlitsstofnun EFTA, í samstarfi við EFTA-ríkin, að hafa stöðugt til skoðunar öll aðstoðarkerfi sem eru við lýði í þeim ríkjum. Henni ber að leggja til við EFTA-ríkin viðeigandi ráðstafanir sem krafist er í samræmi við þróun og framkvæmd EES-samningsins.

Mat, sem kemur fram í ákvörðun um að hefja formlega rannsókn, á því hvort hugsanleg aðstoðar-ráðstöfun feli í sér nýja eða yfirstandandi aðstoð er óhjákvæmilega aðeins til bráðabirgða. Jafnvel þótt Eftirlitsstofnun EFTA hafi, á grundvelli upplýsinga sem voru veittar á þeim tíma, ákveðið að hefja formlega rannsókn á grundvelli 2. og 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3, getur hún eigi að síður komist að þeirri niðurstöðu, í ákvörðun um að ljúka þeirri málsmeðferð, að ráðstöfunin feli í raun í sér yfirstandandi aðstoð. ⁽¹⁰⁾ Ef um yfirstandandi aðstoð er að ræða verður Eftirlitsstofnun EFTA að fylgja málsmeðferð um yfirstandandi aðstoð. ⁽¹¹⁾ Þar af leiðandi yrði Eftirlitsstofnun EFTA, í tilviki sem þessu, að ljúka formlegri rannsókn og, eftir atvikum, hefja nýja rannsókn á yfirstandandi aðstoð sem mælt er fyrir um í 17.–19. gr. II. hluta bókar 3. ⁽¹²⁾

Upplýsingarnar sem voru afhentar Eftirlitsstofnun EFTA þegar hún ákvað að hefja formlega rannsókn voru ekki þess eðlis að unnt væri að rökstyðja bráðabirgðaniðurstöðu um að aðstoð sem væri fyrir hendi væri yfirstandandi aðstoð og því fjallaði Eftirlitsstofnun EFTA um þessar ráðstafanir innra ramma reglna um nýja aðstoð.

Eftirlitsstofnun EFTA mun við hina formlegu rannsókn komast að niðurstöðu um hvort um aðstoð sé að ræða og hvort hún samrýmist EES-samningnum. Ef um yfirstandandi aðstoð er að ræða, þar sem ráðstafanirnar tvær sem eru til rannsóknar hafa nú runnið sitt skeið á enda, mun stofnunin ljúka formlegri rannsókn án þess að hefja rannsókn á yfirstandandi aðstoð þar eð slík málsmeðferð þjónaði engum tilgangi.

3. Greiðsla styrks að fjárhæð 36 milljónir norskra króna – yfirstandandi aðstoð

Samkvæmt ákvæðum i. liðar í staflíð b) í 1. gr. II. hluta bókar 3 er yfirstandandi aðstoð: „öll aðstoð sem var hafin fyrir gildistöku EES-samningsins í viðkomandi EFTA-ríkjum, það er aðstoðarkerfi og stök aðstoð sem hafin var áður en EES-samningurinn öðlaðist gildi og er enn veitt.“ Breytingar á slíku aðstoð væru ný aðstoð samkvæmt ákvæðum staflíðar c) í 1. gr.

Stjórnvöld í Noregi hafa lagt fram viðbótarupplýsingar í tengslum við athugasemdir sínar við ákvörðun 491/09/COL (sjá undirkafla 4.1.2 hér að framan).

Eftirlitsstofnun EFTA telur, eins og fram kemur í ákvörðun 491/09/COL, að árlegar greiðslur norska ríkisins frá því á áttunda áratug tuttugustu aldar til Norsk Filmstudio AS/Filmparken AS vegna framleiðslu leikinna kvikmynda og til að halda í nauðsynleg grunnvirki vegna framleiðslu kvikmynda hafi verið inntar af hendi á grundvelli yfirstandandi aðstoðarkerfis.

Eftirlitsstofnun EFTA telur að greiðsla á 36 milljónum norskra króna hafi verið innt af hendi í tengslum við yfirstandandi aðstoðarkerfi.

Í fyrsta lagi virðist sem að árlegir styrkir sem voru veittir í árunna rás hafi ávallt falið í sér bæði fjárfestingaraðstoð og rekstraraðstoð. ⁽¹³⁾ Stjórnvöld í Noregi hafa bent á að þegar hefði verið hafist handa við endurbætur og endurnýjun og að fram til 1998 til 1999 hefði kostnaðurinn við þær verið metinn á 13 milljónir norskra króna sem árlegir styrkir hefðu staðið straum af. Stjórnvöld í Noregi lögðu fram útdrátt úr tillögum að fjárhagsáætlun þar sem fram kom að verulegum fjárhæðum hefði í nokkrum tilvikum verið úthlutað til Norsk Film AS vegna endurbóta og endurnýjunar á grunnvirkjum sem eru nauðsynleg til framleiðslu kvikmynda. ⁽¹⁴⁾ Í því ljósi ætti ekki að líta svo á að styrkur sem var sérstaklega ætlaður til að endurnýja aðstöðuna í Jar fæli í sér breytingu á yfirstandandi aðstoðarkerfi.

Í öðru lagi skiptir það ekki máli í þessu tilviki þótt styrkurinn hafi verið greiddur af annari fjárveitingu en þeirri sem árlegu styrkirnir eru greiddir af. Það var jú gert af hreinum tæknilegum ástæðum vegna nýrrar aðferðar við að halda utan um fjárhagsáætlunina.

⁽¹⁰⁾ Mál C-400/99 *Italia gegn framkvæmdastjórn* [2005] ECR I-3657, 47. mgr., 54.–55. mgr.

⁽¹¹⁾ Mál T-190/00 *Regione Siciliana gegn framkvæmdastjórn* [2003] ECR II-5015, 48. mgr.

⁽¹²⁾ Mál C-312/90 *Spánn gegn framkvæmdastjórn* [1992] ECR I-4117, 14.–17. mgr. og mál C-47/91 *Italia gegn framkvæmdastjórn* [1992] ECR I-4145, 22.–25. mgr.

⁽¹³⁾ Sjá athugasemdir stjórnvalda í Noregi um ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja formlega rannsókn í máli nr. 67377 – Meint ríkisaðstoð við fyrirtæki sem tilheyra samsteypunni Norsk Film (skjal nr. 545244).

⁽¹⁴⁾ Sjá St.prp. Nr. 1 (1976–77): 1 313 000 norskur krónur, St. prp. nr. 1 (1977–78): 4 milljónir norskra króna, St. prp. nr. 1 (1978–79): 3,9 milljónir norskra króna.

Loks er það svo að þótt fjárhæð styrksins hafi verið miklu hærri en árlegu greiðslurnar höfðu verið er það ekki til marks um að um styrkurinn teljist vera ný aðstoð. Dómstóll Evrópubandaganna hefur úrskurðað að „þegar stofnað er til nýrrar aðstoðar eða breytingar gerðar á gildandi ákvæðum um aðstoð getur mat á þeirri aðstoð ekki byggst á umfangi hennar né, einkum og sér í lagi, fjárhæðum sem greiddar hafa verið fyrirtæki einhvern tíma á rekstrartíma þess hafi aðstoðin verið veitt samkvæmt eldri ákvæðum sem standa óbreytt“. ⁽¹⁵⁾

Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu, í ljósi þess sem framan greinir, að greiðsla að fjárhæð 36 milljónir norskra króna hafi verið hluti af yfirstandandi aðstoðarkerfi sem var lokið 2006.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA telur að greiðsla að fjárhæð 36 milljónir norskra króna hafi verið hluti af yfirstandandi aðstoðarkerfi. Formlegri rannsókn, sem gildir um nýja aðstoð, er því lokið.

2. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA telur að beiting ívilnandi skattalegrar meðferðar gagnvart Norsk Film AS, Norsk Filmstudio AS og ScanCam AS teljist ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

4. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Ákvörðun tekin í Brussel 29. júní 2011

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Per Sanderud

Forseti

Sabine Monauni-Tömördy

Stjórnarmaður

⁽¹⁵⁾ Mál C-44/93 *Namur-Les Assurances du Crédit SA gegn Office National du Ducroire og belgíska ríkinu* [1994] ECR I-3829, 28. mgr.

Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins**2012/EES/58/02**

Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að eftirgreind ráðstöfun feli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Dagsetning ákvörðunar: 30.5.2012

Málsnúmer: 68531

Ákvörðunarnúmer: 213/12/COL

EFTA-ríki: Ísland

Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega): Um veitingu ríkisaðstoðar í tengslum við viðgerðir á skipalyftunni í Vestmannaeyjum

Lagaheimild: 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins

Tegund aðstoðar: Engin aðstoð

Atvinnugreinar: Skipasmíðar/-viðgerðir

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/>.

**Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um endurkröfuvexti sem reikna ber við 2012/EES/58/03
endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti í þremur EFTA-rikkjum;
vextirnir gilda frá 1. júní 2012**

*Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL
frá 14. júlí 2004 ⁽¹⁾*

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við ákvæði kaflans um aðferð við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun stofnunarinnar 788/08/COL frá 17. desember 2008 ⁽²⁾. Til þess að finna viðeigandi viðmiðunarvexti ber að bæta við hæfilegu vaxtaálagi í samræmi við ákvæði leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð. **Að því er afreiknivextina varðar merkir þetta að hækka verður grunnvextina sem nemur viðeigandi vaxtaálagi, þ.e. 100 grunnpunktum.** Endurkröfuvextirnir verða einnig að jafnaði reiknaðir með því að bæta 100 grunnpunktum við grunnvextina eins og kveðið er á um í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 789/08/COL frá 17. desember 2008 ⁽³⁾ um breytingu á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 ⁽⁴⁾.

	Ísland	Liechtenstein	Noregur
1.1.2012 – 31.5.2012	4,70	0,31	3,57
1.6.2012 –	4,70	0,38	3,57

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbætur nr. 26, 25.5.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 105, 21.4.2011, bls. 32, og EES-viðbætur nr. 23, 21.4.2011, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 340, 22.12.2010, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 72, 22.12.2010, bls. 1.

⁽⁴⁾ Sjá samsteypta útgáfu á vefslóðinni <http://www.eftasurv.int/media/decisions/195-04-COL.pdf>

**Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um viðmiðunarfjárhæðir sem um getur í tilskipun 2012/EES/58/04
2004/17 og tilskipun 2004/18, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð nr.
1251/2011, í gjaldmiðlum EFTA-ríkjanna**

Viðmiðunarfjárhæðir í EUR	Viðmiðunarfjárhæðir í NOK	Viðmiðunarfjárhæðir í CHF	Viðmiðunarfjárhæðir í ISK
130 000	1 042 319	176 310	21 540 485
200 000	1 603 568	271 246	33 139 208
400 000	3 207 136	542 492	66 278 416
5 000 000	40 089 200	6 781 150	828 480 200

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2012/EES/58/05

189/12/COL

frá 22. maí 2012

um að veita framleiðslu og heildsölu rafmagns í Noregi undanþágu frá framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu

Eftirlitsstofnun EFTA

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið,

með vísan til gerðarinnar, sem um getur í 4. lið XVI. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, um reglur um gerð opinberra samninga í veitugeiranum (*tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu*) („tilskipun 2004/17/EB“), einkum 30. gr.,

með vísan til samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningur um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 1. og 3. gr. bókunar 1.,

með vísan til beiðni sem *Akershus Energi Vannkraft AS, E-CO Energi AS, EB Kraftproduksjon AS og Østfold Energi AS* („umsækjendur“) sendu til Eftirlitsstofnunar EFTA 24. janúar 2012,

með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA frá 19. apríl 2012 þar sem stjórnarmanninum, sem ber sérstaka ábyrgð á opinberum innkaupum, er veitt heimild til að taka tiltekna ákvarðanir á sviði opinberra innkaupa (ákvörðun 138/12/COL),

að höfðu samráði við vinnuhóp EFTA um opinber innkaup, sem aðstoðar Eftirlitsstofnun EFTA,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1. Hinn 24. janúar 2012 og í samræmi við 5. mgr. 30. gr. tilskipunar 2004/17, óskuðu *Akershus Energi Vannkraft AS, E-CO Energi AS, EB Kraftproduksjon AS og Østfold Energi AS* eftir því við Eftirlitsstofnun EFTA að hún samþykkti að beita mætti 1. mgr. 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB gagnvart framleiðslustarfsemi og heildsölu vatnsafls í Noregi. Með bréfi, sem dagsett var 17. febrúar 2012, óskaði Eftirlitsstofnun EFTA eftir viðbótarupplýsingum frá bæði stjórnvöldum í Noregi (skjal nr. 624270) og umsækjandanum (skjal nr. 624258). Eftirlitsstofnun EFTA barst svar við beiðninni frá stjórnvöldum í Noregi, með bréfi frá 20. mars 2012 og frá umsækjendunum með bréfi frá 22. mars 2012.
2. Beiðni umsækjendanna, sem líta ber á sem opinber fyrirtæki í skilningi tilskipunar 2004/17/EB, varðar framleiðslu og heildsölu á vatnsafl, eins og lýst er í beiðninni.

II. LAGARAMMI

3. Í 1. mgr. 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB er kveðið á um að samningar, sem eru gerðir með það fyrir augum að gera það mögulegt að inna af hendi starfsemi, sem getið er um í 3.–7. gr., skuli ekki falla undir tilskipun 2004/17, ef sú starfsemi fer fram í beinni samkeppni á mörkuðum þar sem aðgangur er ótakmarkaður í EFTA-ríkinu þar sem starfsemin er stunduð.
4. Samkvæmt 5. mgr. 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB getur samningsstofnun óskað eftir því, að beita megi 1. mgr. 30. gr., ef kveðið er á um það í lögum viðkomandi EFTA-ríkis. Samkvæmt þætti 15-1 í 2. mgr. reglugerðar nr. 403 frá 7. apríl 2006 um opinber innkaup í veitugeiranum (*Forskrift nr. 403 av 7. April 2006 om innkjøp i forsyningssektorene*) er samningsyfyrvöldum heimilt að óska eftir beitingu 1. mgr. 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB við Eftirlitsstofnunina, að því tilskildu að þau hafi fengið álit frá norskum samkeppnisyfyrvöldum.

5. Umsækjendurnir fengu álitid frá norskum samkeppnisyfirvöldum 16. mars 2001, þar sem norsk samkeppnisyfirvöld komust að þeirri niðurstöðu að viðkomandi starfsemi væri í beinni samkeppni á markaði þar sem aðgangur er ótakmarkaður.
6. Aðgangur að markaði telst ótakmarkaður ef ríkið hefur lögfest og beitt viðkomandi EES-löggjöf um að opna fyrir samkeppni innan tiltekinnar atvinnugreinar eða hluta hennar. Þessi löggjöf er talin upp í XI. viðauka við tilskipun 2004/17/EB sem vísar, að því er varðar raforkugeirann, til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB frá 19. desember 1996 um sameiginlegar reglur um innri markað á sviði raforku. Tilskipun 96/92/EB hefur verið leyst af hólmi með *tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/54/EB* ⁽¹⁾ frá 26. júní 2003 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku og um niðurfellingu á tilskipun 96/92/EB („tilskipun 2003/54/EB“), sem hefur verið felld inn í 22. lið IV. viðauka við EES-samninginn. Því skal aðgangur að markaðnum teljast vera ótakmarkaður ef norska ríkið hefur hrundið í framkvæmd og beitt tilskipun 2003/54/EB á tilskilinn hátt.
7. Meta skal samkeppnina á grundvelli einstakra vísa, sem hver um sig hefur, í sjálfu sér, ekki úrslitaáhrif. Að því er varðar markaðina, sem þessi ákvörðun lýtur að, er markaðshlutdeild helstu aðila á tilteknum markaði ein viðmiðun sem taka skal tillit til. Önnur viðmiðun er umfang samþjöppunar á þessum mörkuðum. Að teknu tilliti til einkenna hlutaðeigandi markaða, skal einnig taka tillit til frekari viðmiðana, svo sem virkni jöfnunarmarkaðarins, verðsamkeppni og skipti viðskiptavina á þjónustuaðilum.

III. MAT

Markaðsskilgreining

Vörumarkaður

8. Viðkomandi vörumarkaður er framleiðsla og heilðsöluafhending raforku. ⁽²⁾ Markaðurinn nær því yfir rafmagnsframleiðslu í orkuverum og innflutning á rafmagni um samtengla til endursölu beint til stórnotenda raforku eða endursölu aðila.

Landfræðilegur markaður

9. Norski heilðsölumarkaðurinn með orku er mjög samþættur norræna markaðnum (Danmörk, Noregur, Svíþjóð og Finnland). Meirihluti viðskipta með raforkuframleiðslu á Norðurlöndum fer fram í gegnum samnorræna kauphöllina fyrir samninga um afhendingu raforku í áþreifanlegu formi, sem Nord Pool Spot AS (Nord Pool) rekur. Norræn raforkukauphöll Nord Pool, nær um þessar mundir yfir heilðsölumarkaði með orku í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og Eistlandi.
10. Nord Pool rekur tvo markaði fyrir áþreifanleg heilðsöluviðskipti með raforku: Elspot-markaðinn þar sem orkusamningar, til áþreifanlegrar afhendingar á næsta sólarhring, eru gerðir á klukkustundarfresti á hverjum degi og Elbas, sem er samfelldur sólarhrings jöfnunarmarkaður yfir landamæri, einn dag fram í tímann, þar sem unnt er að gera leiðréttingu á sólarhringssamningi, þar til klukkustund fyrir afhendingu. Þessir markaðir höfðu samanlagt 74% markaðshlutdeild norrænnar orkuneyslu árið 2010, að umfangi 307 terawattstundir. Afhendingaraðilar og viðskiptavinir semja tvíhliða um það magn sem eftir stendur og viðskipti eru með.

⁽¹⁾ Tilskipun 2003/548/EB var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005 frá 2. desember 2005, og öðlaðist gildi fyrir EFTA-ríkin þann 1. júní 2007.

⁽²⁾ Sjá ákvarðanir framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna frá 26. janúar 2001 í máli COMP/M.5798 - *GDF Suez/International Power*, frá 14. nóvember 2006 í máli COMP/M.5224 - *EDF/British Energy*, frá 22. desember 2008 í máli COMP/M.4180 - *Gaz de France/Suez*, frá 9. desember 2004 í máli M.3440 - *EDP/ENI/GDP*. Sjá einnig ákvarðanir, sem samþykktar voru af framkvæmdastjórninni, um að veita framleiðslu og sölu raforku í Svíþjóð undanþágu frá beitingu tilskipunar 2004/17/EB, ákvörðun frá 19. júní 2006 um að 1. mgr. 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB gildi um framleiðslu og sölu raforku í Finnlandi, að undanskildum Álandseyjum, og ákvörðun frá 29. október 2003 um að veita framleiðslu og sölu raforku í Svíþjóð undanþágu frá beitingu tilskipunar 2004/17/EB.

11. Norræna markaðnum er skipt upp í nokkur tilboðssvæði sem tengd eru með samtenglum. Viðskiptaverð Elspot byggist á kaup- og sölutilboðum frá öllum markaðsaðilum og er ákvarðað til að jafna framboð og eftirspurn á markaðnum fyrir hverja klukkustund á þeim sólarhring. Verðtilhögunin á Elspot aðlagar orkuflæðið um samtengla á markaðnum að tiltækri viðskiptagetu, sem norrænu flutningskerfisstjórnarnir gefa upp.
12. Takmarkanir á flutningsgetu innan Norðurlandanna geta leitt til tímabundinnar kerfisöngvar, sem aðskilur Norðurlöndin landfræðilega í smærri markaði. Við samtenglana milli Norðurlandanna og innan Noregs, er verðtilhögun notuð til að leysa kerfisöng í dreifikerfi með innleiðingu mismunandi verðsvæða Elspot. Því getur verið mismunandi verð á þeim verðsvæðum, sem jafna framboð og eftirspurn á svæðinu.
13. Af þessum sökum getur viðkomandi landfræðilegur markaður verið mismunandi frá einni klukkustund til annarrar. Ef um er að ræða kerfisöng, er viðkomandi landfræðilegur markaður þrengri en Norðurlandasvæðið og gæti fallið saman við innlendu tilboðssvæðin.
14. Um þessar mundir eru fimm tilboðssvæði í Noregi. ⁽³⁾
15. Hlutfall klukkustunda, þegar um er að ræða verðmun á milli svæðanna á Norðurlöndum, er þó takmarkað:

Verðsvæði	Aðskildar frá samtengingu, klst. í %
NO 1 – Ósló	1,4 %
NO 2 – Kristiansand	16,4 %
NO 3 – Þrándheimur	6,2 %
NO 4 – Tromsø	6,6 %
NO 5 – Björgvin	4,1 %

15.03.2010-11.03.2011

Oftast eru verðsvæði tengd:

Röð verðsvæða	Samtengdar klst. í %
NO 1 – NO 2	77,7 %
NO 1 – NO 3	48,0 %
NO 1 – NO 5	94,9 %
NO 2 – NO 5	76,6 %
NO 3 – NO 4	89,9 %
NO 1 – NO 2 – NO 5	75,7 %
NO 3 – NO 4 – Svíþjóð	76,3 %

15.03.2010-11.03.2011

Verðsvæði í Noregi eru almennt samþætt með Svíþjóð

16. Líkurnar á kerfisöng kunna að gefa tilefni til áhyggna, að því er varðar mögulega hagnýtingu á tímabundnum flöskuhálsum sem gætu aukið staðbundinn markaðsstyrk. Á þessum grundvelli hafa norsk samkeppnisyfirlönd skilgreint viðkomandi landfræðilegan markað sem norrænan þegar kerfisöng er ekki fyrir hendi og smærri, þegar um kerfisöng er að ræða. ⁽⁴⁾
17. Hvort að skilgreina beri markaðinn þannig að hann nái yfir Norðurlöndin eða sem takmarkaðri að umfangi, skal skilið eftir opið, þar sem niðurstöður greiningarinnar eru þær sömu hvort heldur sem hún byggir á þrengri skilgreiningu eða breiðari.

⁽³⁾ Ósló - NO 1, Kristiansand - NO 2, Þrándheimur - NO 3, Tromsø - NO 4 og Björgvin - NO 5. Hinn 5. september 2011, voru svæðamörkin milli útboðssvæða NO 2 og NO 5 færð í norðurátt vegna nýrrar tengingar sem verið var að taka í notkun. Upplýsingarnar sem lagðar voru fram með umsókninni taka ekki mið af þessari breytingu.

⁽⁴⁾ Sjá ákvarðanir ráðuneytis stjórnisýslu frá 14. október 2002 *Statkraft – Agder Energi* og frá 7. febrúar 2003 *Statkraft – Trondheim Energiverk*.

Aðgangur að markaðnum

18. Í ljósi fyrirliggjandi upplýsinga og að því er þessa ákvörðun varðar, virðist Noregur hafa að fullu hrundið í framkvæmd og beitt tilskipun 2003/54/EB. Þar af leiðandi, og í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. 30. gr., skal aðgangur að markaðnum ekki teljast vera takmarkaður á yfirráðasvæði Noregs.

Samkeppni

19. Eftirlitsstofnun EFTA mun, í samræmi við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ⁽⁵⁾, greina markaðshlutdeild þriggja stærstu framleiðendanna, umfang samþjöppunar á markaði og lausafjárstöðu markaðarins.
20. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lítur svo á, að því er varðar raforkuframleiðslu, að „*einn visir fyrir umfang samkeppni á landsbundnum mörkuðum er heildar markaðshlutdeild þriggja stærstu framleiðendanna*“ ⁽⁶⁾.
21. Samanlögð markaðshlutdeild, að því er varðar framleiðslugetu þriggja stærstu framleiðenda á Norðurlöndum árið 2010, var 45,1% (Vattenfall: 18,8%, Statkraft: 13,3% og Fortum: 13%), sem er viðunandi.
22. Umfang samþjöppunar í Noregi, eins og hún var mæld með Herfindahl-Hirshman stuðlinum (HHI) miðað við afkastagetu, var 1826 árið 2008. ⁽⁷⁾
23. Norræni heildsölumarkaðurinn með raforku skal teljast samkeppnismarkaður. Umbreytingin á Norðurlöndum yfir í opinn markað hefur verið mjög árangursrík. Frá því að sameiginlegi norsk-sænski markaðurinn var opnaður árið 1996, hafa hin Norðurlöndin verið samþætt markaðnum, Finnland árið 1998, Danmörk á árunum 1999/2000 og Eistland árið 2010. Verslað var með 74% af raforkunotkun á Norðurlöndum árið 2010 í kauphöllinni. Meira en 300 söluaðilar eru skráðir í kauphöllinni.
24. Eins lýst er hér að framan, eru flöskuhálsar vegna kerfisöngvar sjaldgæfir og í eðli sínu tíma-bundnir. Stöðugt samkeppnisaðhald, sem er til komið vegna þess að hægt er að fá rafmagn utan yfirráðasvæðis Noregs, er því til staðar. Ekkert flutningsgjald er lagt á milli Norðurlandanna. Hin iðulega óskerta flutningsgeta tenglanna, á milli Noregs og annarra verðsvæða, tryggir að ekki er hægt að fjárfesta í raforkugeiranum á norsku yfirráðasvæði án þess að tekið sé tillit til annarra framleiðanda á norræna markaðnum. Ennfremur er heildsöluverð á raforku ákvarðað af Nord Pool sem rekur mjög virkan viðskiptavettvang.
25. Ennfremur skal líta á starfsemi jöfnunarmarkaðarins sem vísi, ekki einungis með tilliti til framleiðslu heldur einnig vegna heildsölumarkaðarins. Í reynd er markaðsaðili, sem ekki getur með góðu móti samræmt vöruúrval sitt við þarfir viðskiptavina sinna, hugsanlega óvarinn fyrir mismun á því verði sem flutningskerfisstjóri (TSO) selur jöfnunarorkuna á, og því verði sem hann vill kaupa umframframleiðsluna á. Eftirlitsaðilinn getur annaðhvort lagt þetta verð beint á flutningakerfisstjórn, eða, að öðrum kosti, verði markaðstengt fyrirkomulag notað þar sem verð er ákvarðað af kaupum annarra framleiðenda sem stýra framleiðslu sinni til hækkunar eða lækkunar. Á Norðurlöndum er til nánast full samþættur jöfnunarmarkaður sem afhendir jöfnunarorku, og megin einkenni hans – verð grundvallað á markaði og lítið bil á milli kaupverðs frá flutningskerfisstjóra og söluverðs – eru slík að líta ber á þau sem vísi um beina samkeppni.
26. Því skal líta á þessa þætti sem svo að bein samkeppni ríki á þeim markaði sem er til skoðunar, hvort sem landfræðilegt umfang markaðarins nær til allra Norðurlanda eða þrengra svæðis.

⁽⁵⁾ Ákvörðun frá 19. júní 2006 um að 1. mgr. 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB gildi um framleiðslu og sölu raforku í Finnlandi, að undanskildum Álandseyjum og ákvörðun frá 29. október 2003 um að veita framleiðslu og sölu raforku í Svíþjóð undanþágu frá beitingu tilskipunar 2004/17/EB, 7. – 13. mgr.

⁽⁶⁾ Sjá Report on progress in creating the internal gas and electricity market, COM (2005) 568 sem lokið var við þann 15.11.2005, ákvörðun frá 29. október 2007 um að veita framleiðslu og sölu raforku í Svíþjóð undanþágu frá beitingu tilskipunar 2004/17/EB.

⁽⁷⁾ Sjá vinnuskjal starfsfólks framkvæmdastjórnarinnar, Technical Annex to the Communication from the Commission to the Council and the European Parliament report on progress in creating the internal gas and electricity market, COM (2010) lokagerð 84, bls. 12.

IV. NIÐURSTAÐA

27. Með tilliti til ofangreindra vísa í Noregi, er litið svo á að skilyrði fyrir beina samkeppni, sem kveðið er á um 1. mgr. 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB, séu uppfyllt með tilliti til framleiðslu og heildsölu á rafmagni í Noregi. Auk þess, eins og vakin er athygli á í 18. forsendulið, skal litið svo á að skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að starfseminni séu uppfyllt. Af þessum sökum skal tilskipun 2004/17/EB ekki gilda þegar samningsstofnun gerir samninga, sem gerðir eru með það fyrir augum að unnt sé að stunda raforkuframleiðslu eða heildsölu með rafmagn á þessum svæðum, né heldur þegar hún skipuleggur hönnunarsamkeppni vegna slíks reksturs þar.
28. Þessi ákvörðun byggist á aðstæðum að lögum og í reynd, frá 24. janúar 2012, eins og þær birtast í upplýsingunum sem umsækjandi lagði fram. Heimilt er að endurskoða hana, ef marktækar breytingar á aðstæðum, að lögum eða í reynd, hafa í för með sér að skilyrðin fyrir beitingu 1. mgr. 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB séu ekki lengur uppfyllt.
29. Þessi ákvörðun er eingöngu tekin í þeim tilgangi að veita undanþágu skv. 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB og er með fyrirvara um beitingu reglna um samkeppni.
30. Þessi ákvörðun gildir um framleiðslu og heildsölu á rafmagni í Noregi og varðar ekki starfsemi sem lýtur að flutningi, dreifingu og smásölu á rafmagn í Noregi.
31. Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndar EFTA um opinber innkaup, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis.

SAMÞYKKT ÞESSA ÁKVÖRÐUN:*1. gr.*

Gerðin, sem vísað er til í 4. lið XVI. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, um reglur um gerð opinberra samninga í veitugeiranum (*Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu*) skal ekki gilda þegar samningsstofnun gerir samninga með það fyrir augum að unnt sé að stunda raforkuframleiðslu og heildsölu með rafmagn í Noregi.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

Ákvörðun tekin í Brussel 22. maí 2012.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Sverrir Haukur Gunnlaugsson
stjórnarmaður

Xavier Lewis
deildarstjóri

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Kæra DB Schenker á hendur Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram 9. júlí 2012 **2012/EES/58/06**

(Mál E-7/12)

Hinn 9. júlí 2012 lögðu Schenker North AB, Schenker Privpak AB og Schenker Privpak AS (einu nafni „DB Schenker“) fram kæru fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Eftirlitsstofnun EFTA; í fyrirsvari er Jon Midthjell, lögmaður, Advokatfirmaet Midthjell AS, Grev Wedels plass 5, N-0151 Ósló, Noregi.

Kröfur sóknaraðila eru sem hér segir:

Með tilliti til kæru fyrir að hafa ekki gripið til aðgerða:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að varnaraðili hafi brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 37. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól með því að láta hjá líða að rækja skyldur sínar samkvæmt reglum um aðgang að skjölum, samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól og EES-samningnum, að skilgreina afstöðu sína til beiðni sem sóknaraðilar lögðu fram 3. ágúst 2010 um að fá aðgang að öllum málsskjölum í ESA-máli nr. 34250 (Posten Norge/Privpak), og
2. Dómstóllinn geri varnaraðila að greiða málskostnað.

Með tilliti til skaðabótakröfunnar, að gefa út bráðabirgðaúrskurð um skaðabótaábyrgð varnaraðila og fresta því þar til á síðari stigum málarekstrarins að meta skaðabætur sem rekja má til varnaraðila:

1. Dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að athafnaleysi varnaraðila á tímabilinu frá 7. september 2010 eða síðar og þar til varnaraðili hafi í samræmi við lög skilgreint afstöðu sína til beiðni sóknaraðila um aðgang að öllum málsskjölum í ESA-máli nr. 34250 (Posten Norge) hinn 3. ágúst 2010, sé slíkt að varnaraðili beri skaðabótaábyrgð, m.a. fyrir vanskilavöxtum, samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 46. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.
2. Sóknaraðilar greini dómstólnum frá því, eigi síðar en sex mánuðum eftir að varnaraðili hefur í samræmi við lög skilgreint afstöðu sína til beiðni sóknaraðila um aðgang að öllum málsskjölum í ESA-máli nr. 34250 (Posten Norge), hinn 3. ágúst 2010, hversu háar skaðabætur þeir fari fram á og hvort málsaðilar séu á einu máli um þá fjárhæð.
3. Fari svo að ekki náist samkomulag um fjárhæð skaðabóta skuli málsaðilar afhenda dómstólnum, innan sama frests, útreikninga sína á fjárhæð skaðabóta sem rekja megi til þess að varnaraðili hafi látið hjá líða að taka afstöðu til beiðni sóknaraðila um aðgang að öllum málsskjölum í ESA-máli nr. 34250 (Posten Norge) hinn 3. ágúst 2010.
4. Dómstóllinn geri varnaraðila að greiða málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:

- Sóknaraðilar, Schenker North AB, Schenker Privpak AB og Schenker Privpak AS, eru hluti af DB Schenker, alþjóðlegri samsteypu á sviði fraktflutninga og vöruferliststjórnunar, sem er í eigu Deutsche Bahn AG. Schenker North AB annast rekstur viðskiptastarfsemi samsteypunnar á láði, legi og með jámbrautum í Noregi, Svíþjóð og Danmörku, þ.m.t. dótturfélaganna Schenker Privpak AS og Schenker Privpak AB (einu nafni „DB Schenker“).
- Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 14. júlí 2010 ákvörðun í máli nr. 34250 (Posten Norge/Privpak) þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að Posten Norge hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína í Noregi á markaði fyrir pakkasendingar frá fyrirtækjum til neytenda á árunum 2000 til 2006. EFTA-dómstóllinn staðfesti ákvörðunina í máli E-15/10 Posten Norge AS gegn Eftirlitsstofnun EFTA. Sóknaraðilar sækja rétt sinn til skaðabótageiðslna frá Posten Norge vegna þess tjóns sem

brotið olli og þeir vilja skoða hvernig varnaraðili sinnti rannsókninni og stjórnáslumeðferðinni. Sóknaraðilar lögðu 3. ágúst 2010 fram beiðni um aðgang að skjölum sem tilheyra ESA-máli nr. 34250 samkvæmt reglum um aðgang að skjölum sem voru settar með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 407/08/COL hinn 27. júní 2008.

- Hinn 8. mars 2012 afhentu sóknaraðilar varnaraðila tilkynningu í aðdraganda málssóknar samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 37. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól á grunvelli þess að varnaraðili hafi látið hjá líða að taka endanlega ákvörðun um beiðni þeirra um aðgang sem var lögð fram 3. ágúst 2010. Sóknaraðilar halda fram að varnaraðili hafi í framhaldi af því látið hjá líða að taka ákvörðun um beiðni þeirra um aðgang eftir að lögboðinn frestur í aðdraganda málssóknar rann út og hafi með því einnig valdið tjóni.

Sóknaraðilar telja að Eftirlitsstofnun EFTA hafi:

- brotið gegn ákvæðum 37. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól með því að láta hjá líða að uppfylla þá lagalegu skyldu sína að taka ákvörðun um beiðni um aðgang sem sóknaraðilar lögðu fram 3. ágúst 2010, og
- brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 46. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól með því að láta hjá líða að uppfylla þá lagalegu skyldu sína að taka tímanlega ákvörðun um beiðni um aðgang sem sóknaraðilar lögðu fram 3. ágúst 2010 og meðhöndla beiðnina á annars lögmætan hátt.

Kæra DB Schenker á hendur Eftirlitsstofnun EFTA sem lögð var fram 15. júlí 2012 **2012/EES/58/07**
(Mál E-8/12)

Hinn 15. júlí 2012 lögðu Schenker North AB, Schenker Privpak AB og Schenker Privpak AS (einu nafni „DB Schenker“) fram kæru fyrir EFTA-dómstólnum á hendur Eftirlitsstofnun EFTA; í fyrirsvari er Jon Midthjell, lögmaður, Advokatfirmaet Midthjell AS, Grev Wedels plass 5, N-0151 Ósló, Noregi.

Kröfur sóknaraðila eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn ógildi hina umdeildu ákvörðun, sem var tilkynnt sóknaraðilum 18. maí 2012, í máli ESA nr. 68736 (DB Schenker), að því leyti sem hún meinar aðgang að:
 - i. Öllum upplýsingum um efni ESA-máls nr. 34250 (Posten Norge/Privpak).
 - ii. Bréfi frá Posten Norge sem var dagsett eða móttakið 13. júlí 2010.
 - iii. Fundargerðum frá fundum varnaraðila, þar með töldum forstjóra, með Posten Norge og/eða norskum stjórnvöldum.
2. Dómstóllinn ógildi hina umdeildu ákvörðun, sem var tilkynnt sóknaraðilum 23. maí 2012, í ESA-máli nr. 68736 (DB Schenker), að því leyti sem hún meinar aðgang að öllum upplýsingum um efni málskjala í sama máli.
3. Dómstóllinn ógildi hina umdeildu ákvörðun, sem var tilkynnt sóknaraðilum 2. júlí 2012, í ESA-máli nr. 68736 (DB Schenker), að því leyti sem hún meinar aðgang að:
 - a) málsmeðferð sem lýtur að meðferð málskjala, m.a. en ekki einvörðungu hvernig, venjubundinni skráningu bréfaskipta (inn og út) og innanhússkjala; hver hafi vald til að opna eða loka málsnúmerum og skrá skjöl eða viðburði í máli; hvers konar upplýsingar beri að skrá um hvert skjal eða viðburð í gagnagrunni varnaraðila,
 - b) málsmeðferð sem lýtur að meðferð beiðna um almennan aðgang samkvæmt reglum um aðgang að skjölum, sem voru settar með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 407/08/COL þann 27. júní 2008,
 - c) ákvörðunum stjórnar ESA þar sem deildarstjóra stjórnslusviðs varnaraðila, deildarstjóra samkeppnis- og ríkisaðstoðarsviðs og deildarstjóra laga- og umsýsludeildar er falið núverandi umboð.
4. Varnaraðili og meðalgönguaðilar greiði málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings dómkröfunum:

- Sóknaraðilar, Schenker North AB, Schenker Privpak AB og Schenker Privpak AS (einu nafni „DB Schenker“), eru hluti af alþjóðlegri samsteypu á sviði fraktflutninga og vöruferlisstjórnunar, sem er í eigu Deutsche Bahn AG. Schenker North AB annast rekstur viðskiptastarfsemi samsteypunnar á láði, legi og með járnbrautum í Noregi, Svíþjóð og Danmörku, þ.m.t. dótturfélaganna Schenker Privpak AS og Schenker Privpak AB.
- Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 14. júlí 2010 ákvörðun í máli nr. 34250 (Posten Norge/Privpak) þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að Posten Norge hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína í Noregi á markaði fyrir pakkasendingar frá fyrirtækjum til neytenda á árunum 2000 til 2006. EFTA-dómstóllinn staðfesti ákvörðunina í máli E-15/10 *Posten Norge AS gegn Eftirlitsstofnun EFTA*. Sóknaraðilar gera kröfu um skaðabótageiðslur frá Posten Norge vegna þess tjóns sem brotið olli og þeir vilja skoða hvernig varnaraðili sinnti rannsókninni og stjórnslulumeðferðinni. Sóknaraðilar lögðu 3. ágúst 2010 fram beiðni um aðgang að skjölum sem tilheyra ESA-máli nr. 34250 samkvæmt reglum um aðgang að skjölum sem voru settar með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 407/08/COL hinn 27. júní 2008.
- Hinn 8. mars 2012 afhentu sóknaraðilar varnaraðila tilkynningu í aðdraganda málsóknar samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 37. gr. sammingsins um eftirlitsstofnun og dómstól á grunvelli þess að varnaraðili hafi látið hjá líða að taka endanlega ákvörðun um beiðni þeirra um aðgang sem var lögð fram 3. ágúst 2010. Sóknaraðilar halda fram, í sérstakri kæru í máli E-7/12, að

varnaraðili hafi í framhaldi af því látið hjá líða að taka ákvörðun um beiðni þeirra um aðgang eftir að lögboðinn frestur í aðdraganda málsóknar rann út og að fjalla að öðru leyti um beiðni þeirra um aðgang, lögum samkvæmt, og þar með valdið þeim tjóni.

- Sóknaraðilar halda fram í núverandi kæru að þeir hafi í tvígang enn, 12. mars 2012 og 11. apríl 2012, óskað eftir því við varnaraðila að þeir fengju aðgang að skjölum, þ.e. öllum upplýsingum um efni þeirra eigin máls varðandi aðgang að skjölum, sem er skráð sem ESA-mál nr. 68736, svo og innanhúsmálsferð eða fyrirmælum varnaraðila um umsýslu málskjala hans og meðferð beiðna um almennan aðgang.
- Hinn 18. maí 2012, 23. maí 2012 og 2. júlí 2012 tilkynnti varnaraðili sóknaraðilum ákvarðanir um fyrstu beiðni þeirra um aðgang frá 3. ágúst 2010, aðra beiðni um aðgang frá 12. mars 2012 og þriðju beiðni um aðgang frá 11. apríl 2012. Sóknaraðilar fara, með þessari kæru, fram á að þær ákvarðanir verði ógiltar, annaðhvort í heild eða að hluta.

Sóknaraðilar telja að Eftirlitsstofnun EFTA hafi:

- í tengslum við fyrstu ákvörðunina, 18. maí 2012, brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 2. gr. reglna um aðgang að skjölum og 16. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.
- Í tengslum við aðra ákvörðunina, 23. maí 2012, gert sig seka um valdniðslu, brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 2. gr. reglna um aðgang að skjölum og 16. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól, og
- Í tengslum við þriðju ákvörðunina, 2. júlí 2012, brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 2. gr. reglna um aðgang að skjölum og 16. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2012/EES/58/08

(mál COMP/M.6675 – GE/Accenture/Taleris)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. október 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið General Electric Co. („GE“) og hið írsku Accenture plc („Accenture“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki, Taleris Management LLC („Taleris“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - GE: fyrirtæki með fjölbreytta starfsemi á heimsvísu á sviði framleiðslu, tækni og þjónustu þar sem helstu viðskiptaæiningarnar eru: GE Energy Infrastructure, GE Healthcare, GE Aviation, GE Transportation, GE Capital og GE Home & Business Solutions. Starfsemi GE á sviði flugvélaframleiðslu lýtur m.a. að framleiðslu þotuhreyfla fyrir flugvélar í almennu flugi og herflugvélar og íhluti, svo og rafkerfi og vélræn kerfi fyrir flugvélar
 - Accenture: ráðgjöf á sviði stjórnunar um heim allan, tækniþjónusta og útvistun sem veitir þjónustu og lausnir fyrir milligöngu fimm rekstrareininga: Communications, Media & Technology; Financial Services; Health & Public Services; Products; og Resources. Accenture býður flugfélögum lausnir á sviði útvistar fyrir milligöngu þjónustuveitandans Navitaire
 - Taleris: nýtt fyrirtæki sem veitir þjónustu á sviði Integrated Vehicle Health Management („IVHM“) fyrir bestun við viðhald og rekstur fastvængjaloftfara. Taleris mun þróa, betrubæta, markaðssetja, selja og veita viðhald vegna IVHM-þjónustu fyrir stórar farþegaflugvélar og smærri flugvélar um heim allan
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 308, 12. október 2012). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6675 – GE/Accenture/Taleris, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6682 – Kinnevik/Billerud/Korsnäs)**

2012/EES/58/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. október 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sænska fyrirtækið Investment AB Kinnevik („Kinnevik“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í sænska fyrirtækinu Billerud AB („Billerud“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Kinnevik: hlutafjareign í fjölda fyrirtækja sem starfa á sviði fjarskipta, netsölu, fjölmiðla, örfjármögnunar, landbúnaðar og endurnýjanlegar orku, t.d. í Korsnäs AB, sem starfar á sviði umbúðaefnis úr pappír, svo sem pappa, kraftpappír og pappambúða fyrir fljótandi vörur
 - Billerud: framleiðir pappírsmauk og umbúðavörur úr pappír og starfar á sviði umbúða og sérotapappírs, kraftpappírs, pappambúða og óunnins pappírsmauks
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

